

Jöfn tækifæri öflugra samfélag

Jafnrétti kynjanna er grundvallargildi í íslensku samfélagi og það eru sjálfsögð mannréttindi að konur og karlar hafi jöfn tækifæri og jafnan rétt.

Jafnrétti og jöfn staða er hagur beggja kynja. Bæði kyn eiga að hafa svigrúm til að nýta hæfileika sína á vinnumarkaði, jafnframt því að njóta fjölskyldu- og einkalífs.

Jafnréttislög eru mikilvægt tæki á leið til jafnréttis og jafnstöðu kynjanna. Allir eiga að hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt og velja sér sína leið í lífinu, óháð hefðbundnum kynjaímyndum.

§

Jafnréttislög standa vörð um mikilvæg mannréttindi og eiga að tryggja að enginn sæti mismunun á grundvelli kynferðis síns.

Markmið Jafnréttisstofu er að ná fram kynjajafnrétti í reynd á öllum sviðum samfélagsins.

Jafnréttislögin finnur þú á www.jafnretti.is



Jafnréttisstofa



Jöfnum leikinn



Jafnréttisstofa

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Árið 2008 voru samþykkt ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Markmið laganna er að konur og karlar hafi sömu stöðu og sömu réttindi á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu hafa jafna möguleika til að nýta krafta sína og þroska hæfileika sína án tillits til kyns.

Til að ná þessum markmiðum skal meðal annars:

- Hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi og flétta sjónarhorni kynjajafnréttis inn í stefnumótun og ákvarðanir á öllum sviðum samfélagsins.
- Vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu.
- Bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.
- Vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði.
- Gera bæði konum og körlum mögulegt að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.
- Efla fræðslu um jafnréttismál.
- Greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni.
- Efla rannsóknir í kynjafræðum.
- Vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- Breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

Samkvæmt 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands skulu konur og karlar njóta jafns réttar í hvívetna.



Jafnréttisstofa

Jafnréttislögin finnur þú á www.jafnretti.is ásamt fleiri upplýsingum um jafnréttismál.

Vinnumarkaður

- Konur og karlar hjá sama atvinnurekanda skulu fá jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.
- Fyrirtækjum og stofnunum með fleiri en 25 starfsmenn ber að gera jafnréttisáætlanir sem sýna hvernig tryggja skal jafnrétti á vinnustaðnum og þau réttindi sem löginn kveða á um.
- Konur og karlar eiga að hafa jöfn tækifæri til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar.
- Atvinnurekendur ber að gera starfsfólki sínu mögulegt að samræma starfskyldur sínar og ábyrgð gagnvart börnum sínum og öðrum aðstandendum.
- Starfsfólki er ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni

- Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.

Menntun og skólastarf

- Fræðsla um jafnréttismál skal veitt nemendum á öllum skólastigum. Meðal annars skal lögð áhersla á að búa nemendur undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.
- Stúlkur og piltar skulu, óháð kyni, fá fræðslu um nám og störf til að sporna við kynbundnu náms- og starfsvali.
- Allt námsefni skal þannig úr garði gert að kynjum sé ekki mismunað. Gæta skal þess að námsefni ýti ekki undir fordóma eða hugmyndir um að störf inni á heimilum eða á vinnustað séu kynbundin.
- Jöfn staða kynjanna skal höfð að leiðarljósi í íþrótt- og tómstundastarfi.

Auglýsingar

- Óheimilt er að láta hanna eða birta auglýsingu sem er öðru kyninu til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríðir gegn jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna. Slíkar auglýsingar er bannað að birta í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

Kærunefnd jafnréttismála

- Þeir sem telja að brotið hafi verið á sér geta leitað til kærunefndar jafnréttismála en Jafnréttisstofa getur einnig óskað eftir því að nefndin taki mál til meðferðar.
- Erindi skulu berast kærunefnd skriflega innan sex mánaða frá því að ætlað brot á lögnum átti sér stað, en kærunefnd getur ákveðið að taka mál til meðferðar eftir að þessi frestur er liðinn en aðeins innan árs.
- Nefndin getur sent mál til sáttameðferðar hjá Jafnréttisstofu í samráði við kæranda. Kærunefnd hefur þrjá mánuði til að kveða upp úrskurð í máli.
- Farið er með allar upplýsingar sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga sem trúnaðarmál.

Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa fer með stjórnýsly á því sviði sem jafnréttislög ná til.

Verkefni hennar eru m.a.:

- Eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga.
- Fræðsla og ráðgjöf til einstaklinga, fyrirtækja, félaga, stofnana og stjórnvalda.
- Söfnun og miðlun upplýsinga um jafnréttismál.
- Forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi.
- Vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns.

Jafnréttisráð

- Jafnréttisráð er skipað 11 fulltrúum vinnumarkaðar, háskólasamfélagsins og frjálsra félagasamtaka. Það er ráðherra og Jafnréttisstofu til ráðgjafar um stefnumótun í jafnréttismálum, einkum hvað varðar jafnrétti á vinnu- markaði.

Fólk getur komið með ábendingar og leitað ráða hjá Jafnréttisstofu ef það telur að brotið sé gegn jafnréttislögum.